

4

Fórn Guðs fyrir þig

Krossinn var fundinn upp u.þ.b. 600 f.Kr. af Föníkíumönnum. Síðan tóku Egyptar upp notkun hans og seinna Rómverjar sem betrubættu hann og notuðu hann til að aflífa strokufanga og hina alverstu glæpamenn.

Krossfesting var sársaukafyllsta og smánarlegasta aflífunartækið sem menn höfðu notað. Vanalega tók þjá til sjö daga að deyja á krossi. Af ryðguðum nöglunum, sem negldir voru í hendur og fætur, myndaðist drep. Sársaukinn varð óbærilegur því manni leið eins og öll liðamót líkamans væru að rifna í sundur. Hinn krossfesti dó endanlega af köfnun. Það var ekki hægt að anda án þess að hífa líkamann upp, og sársaukinn við það var hræðilegur. Hinum krossfesta var kalt á næturna og heitt á daginn og hann þoldi líka þá skömm að hanga nakinn. En hvað er það sem gerir dauða Krists að fórn umfram dauða annarra? Margir píslavottar hafa liðið skelfilegan dauðdaga og sumir á þann hátt sem virðast a.m.k. vera sársaukafyllri en dauði á krossi. Þessari spurningu og öðrum munum við velta fyrir okkur hér á eftir.

1. Hvað hrópuðu æðstu prestarnir og verðirnir þegar Pílatus leiddi Krist fram fyrir þá? Jóhannes 19.5-7

Ath. Pílatus, sem var fulltrúi Rómar, fann enga sök hjá Jesú svo að Gyðingarnir urðu að gefa ástæðu fyrir kröfu þeirra um krossfestingu Jesú. Þeir sögðust hafa lög sem dæmdu Jesú til dauða. Lögin sem þeir vísuðu hér til voru um guðlast.

2. Samkvæmt lögmálinu um guðlast sem Gyðingarnir vísuðu í, hvaða dauðarefsingu átti að beita? 3 Mósebók 24.16

3. Af hverju kröfðust Gyðingarnir krossfestingar Krists, sem þýddi það sama hjá þeim og að hanga á tré? (Postulasagan 5.30; 10.39; 13.29) 5 Mósebók 21.22-23

*Ath. Þegar Gyðingarnir hrópuðu „krossfestu hann“ voru þeir ekki einungis að biðja um að Kristur væri líflátinn heldur einnig að biðja Guðs bölvunar yfir honum. Gyðingar gátu ekki beðið um fyrirgefningu synda þess manns sem hékk á tré, því hann var **eilíflega aðskilin** frá Guði. Þeir sem sáu mann hangandi milli himins og jarðar ályktuðu að hann væri yfirgefinn af hvoru tveggja, hann ætti hvorugt skilið. Þetta er það sem þeir vildu fyrir Krist!*

4-2

4. Hvernig hefur Kristur frelsað okkur? Galatabréfið 3.13

Ath. Guð gerði Krist að bölvun fyrir okkur. Hann fann fyrir sekt alls heimsins þegar hann hékk á trénu.

5. Vissi Jesús að hann yrði að verða að bölvun fyrir okkur til þess að geta frelsað okkur?

Matteus 26.36-46

Ath. Guð fjarlægði ekki bölvunina frá Kristi vegna þess að hann elskaði okkur og þetta var eina leiðin til að frelsa okkur. „Hann . . . þyrmdi ekki sínum eigin syni, heldur framseldi hann fyrir oss alla.“ Þetta sýnir okkur hversu mikið Guð elskar okkur.

6. Hver reisti Jesú upp frá dauðum? Postulasagan 5.30; 1 Korintubrэф 6.14;

Galatabréfið 1.1

Ath. Jesús var algjörlega háður Föður sínum meðan hann var á jörðunni og hann var einnig háður Föðurnum til að reisa sig upp.

7. Hvaða eftirtektarverðu orð hrópaði Jesús þegar hann var að deyja? Markús 15.33-37

Ath. Frelsunaráætlunin var sú að Jesús myndi deyja fyrir mannkynið og síðan myndi Faðirinn reisa hann upp frá dauðum. En Jesús hrópar til Föður síns að honum finnist hann vera yfirgefinn af honum. Hvað er að fara úrskaiðis í frelsunaráforminu? Ekki neitt – en hér er samt lyklatríði fórnarinnar: Kristi finnst sekt allra synda heimsins svo mikil að Faðirinn geti ekki reist hann upp. Hann skynjar ekki lengur nærveru Föður síns og von hans um eigin upprisu slokknaði. Hann getur ekki frelsað bæði heiminn og sig og þarf að velja á milli sín og heimsins – og ákveður að deyja samt. Veistu hvað hann er að segja með þessu? Hann elskar okkur meira en hann elskar sjálfan sig! Að hann var tilbúinn að deyja að eilífu án vonar um upprisu svo að við gætum lifað. Hann var tilbúinn að vera eilíflega aðskilinn frá föður sínum sem hann hafði verið í samfélagi við frá upphafi. Hann var tilbúinn að fórna því að geta nokkurn tímann séð ásjónu föður síns aftur svo að við gætum frelsast. Svo mikið elskaði hann okkur. Þetta er dýpt fórnardauða Krists fyrir okkur.

Í Sálmi 22 lesum við athyglisverðu frásögn af krossfestingu og þau orð sem Jesús sagði rétt áður en hann dó. Þessi frásögn veitir okkur örlitla innsýn í þá miklu tilfinningalegu þjáningu sem olli því að hjarta Krists brast á krossinum.

8. Hvernig lýsir Jesús sjálfum sér í versí 7?

4-3

9. Hvað hefur Kristur gert til þess að sýna okkur kærleika Guðs? 1 Jóhannesarbréf 3.16

Ath. Jesús lagði líf sitt í sölurnar og var tilbúinn að hætta að vera til svo að við gætum lifað í hans stað. Á þennan hátt sýnir krossinn kærleika Guðs til okkar, syndaranna. Með þessari miklu fórn segir Jesús okkur að hann elski okkur meira en sjálfan sig.

10. Hvaða áhrif ætti þessi fórn að hafa á okkur?

1 Jóhannesarbréf 4.19; 2 Korintubréf 5.14-15

Samantekt: Þegar við sjáum kærleika Krists velja okkur fram yfir sjálfan sig vekur sú hugsun kærleika í okkur. Þetta er rétta ástæðan fyrir því að taka á móti Kristi. Þar sem hann hefur sýnt okkur hve mikið hann elskar okkur getum við smám saman byrjað að treysta honum fyrir hjarta okkar og lífi.

Svör við nr. 4

Spurning 1 – Krossfestu hann

Spurning 2 – Að grýta

Spurning 3 – Þeir vildu að hann væri bölvaður af Guði

Spurning 4 – Með því að verða að bölvun fyrir okkur

Spurning 5 – Já

Spurning 6 – Faðirinn

Spurning 7 – „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“

Spurning 8 – Sem maðki

Spurning 9 – Hann lét lífið fyrir okkur

Spurning 10 – Hún dregur okkur til hans